

# Stjórnarfundur Fálkaseturs Íslands nr. 25

Fundarstaður: Þekkingarsetur Þingeyinga

Dagsetning: 26.11.2019.

Tímasetning: 14:00 – 16:00.

Mættir: Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðmundur Ögmundsson, Sverrir Thorstensen, Ari Páll Pálsson og Guðrún K Aðalsteinsdóttir. Aðalsteinn stýrir fundi og ritar fundagerð.

## Dagskrá

### 1. Eftirlit með fálkahreiðrum 2019

Aðalsteinn greindi frá því hvernig staðið var að eftirliti með fálkahreiðrum árið 2019. Verkefnið tókst vel og engin merki um að hreiður hefðu verið rænd.

### 2. Sýning í Gljúfrastofu

Guðmundur greindi frá styrk sem Fálkasetrið fékk frá Vinum Vatnajökuls árið 2018. Ekki er búið að nota hann og óvíst að styrkurinn sé nógu hár fyrir sýninguna. Búið er að óska eftir því við hönnuð sýningarinnar að endurgera kostnaðaráætlun. Guðmundi falið að óska eftir því við Vini Vatnajökuls að þeir fjármagni það sem uppá vantar við sýninguna.

### 3. Heimasíða Fálkasetursins

Búið að uppfæra línurit heimasíðunnar þannig að nýjustu gögn eru komin þar inn. Það þarf að yfirfæra textann og færa síðuna í nýrra sniðmát sem gengur fyrir snjallsíma. Þetta verk bíður úrlausnar.

### 4. Fjárhagur

Sverrir greindi frá því að fjárhagur Fálkasetursins væri mjög góður. Fuglavernd gaf Fálkasetrinu barmmerki sem eru til sölu í Gljúfrastofu. Fyrir það fékk Fálkasetrið 60 þús. kr. og á nú um 77 þús. kr.

### 5. Ljósmyndun við fálkahreiður

Fálkasetrið hefur áhyggjur af aukinni ásókn ljósmyndara í að mynda fálka við hreiður. Slíkt getur haft áhrif á óðalsfuglana og jafnvel spillt varpi. Aðalsteini falið að senda fyrirspurn til UST til að fá upplýsingar um hve mörg leyfi eru gefin út árlega.

### 6. Viðburður á vegum Fálkasetursins næsta sumar

Rætt var stuttlega um viðburði fyrir næsta sumar. Ekkert ákveðið en fundarmenn hvattir til að velta fyrir sér möguleikunum.